ÞINGEYJAR SVEIT

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

APRÍL 2025

Mynd: Ragnar Þorsteinsson. www.facebook.com/lambidmitt

BOLLALEGGINGAR GESTA PENNANS

VORIÐ ER KOMIÐ OG GRUNDIRNAR GRÓA.....

Ingimar Ingimarsson

Með vorkomu vaknar náttúran hægt og rólega til lífsins og þessa dagana þegar sauðburður stendur sem hæst er óhætt að segja að nóg sé að gera til sveita. Við förum að sjá fleiri gesti á svæðinu, fyrstu skemmtiferðaskipin koma til Akureyrar rútukomum fjölgar verulega í sveitarfélaginu og segja má að það marki upphaf ferðasumarsins. En á þessum tíma er líka mikið að gera í framkvæmdum á vegum sveitarfélagsins og í þessu fréttabréfi er tekin upp sú nýjung að fá gestapenna í bollaleggingar sveitartstjóra. Að þessu sinni er það Ingimar Ingimarsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs sem fer yfir helstu framkvæmdir í sveitarfélaginu sem margar eru komnar á fullt skrið. Gefum Ingimari orðið:

Á umhverfis- og framkvæmdasviði er mikil tilhlökkun fyrir framkvæmdaárinu 2025. Í fjárhagsáætlun ársins er gert ráð fyrir um 300 milljónum í framkvæmdir, eru það bæði viðhaldsframkvæmdir og nýframkvæmdir. Nokkur stór verkefni eru á framkvæmdaáætun þessa árs. Þar ber helst að nefna göngu- og hjólreiðastíg í Mývatnssveit. Áætlað er að heildarframkvæmd ársins með framlagi Vegagerðarinnar verði 160 milljónir á árinu og er áætlað að tengja saman Reykjahlíðarþorp og Skútustaði.

Stór framkvæmd verður í Stórutjarnarskóla þar sem leikskólanum verður komið í varanlegt húsnæði innan skólabyggingarinnar, sem mun bæta aðstöðu nemenda og kennara til mikilla muna. Áætlaðar eru rúmlega 70 milljónir í það verkefni. Einnig verður farið í fyrsta áfanga á endurnýjun á þaki skólans. Áætlað að verkið taki um þrjú ár og kosti um 100 milljónir þegar upp er staðið.

Gámaplanið á Grímsstöðum verður bætt töluvert á árinu ásamt því að koma rafmagni fyrir á gámasvæðinu á Stórutjörnum. Talsvert verður malbikað en á árinu gert ráð fyrir að malbika göngu- og hjólastíg og gámaplan, klára á frágang við gangstéttar í Klappahrauni og fara í holuviðgerðir.
Í Þingeyjarskóla verður m.a. farið í lagfæringar á stigagangi við íbúðir skólans. Ein af íbúðunum verður endurnýjuð ásamt því að farið verður í endurnýjun á salernum og gólfefnum á forstofu skólans. Farið verður í lagfæringar á búningsaðstöðu í Ýdölum og minniháttar lagfæringar verða í sundlauginni á Laugum. Á síðasta ári og í upphafi þessa árs hafa verið miklar framkvæmdir í Reykjahlíðarskóla sem við erum að sjá fyrir endann á. Farið verður í viðgerðir vegna þakleka í Íþróttamiðstöðinni í Reykjahlíð, ásamt minniháttar viðhaldi.

Starfsmenn veitna munu hafa í nógu að snúast á árinu. Viðhald á hitaveitu í Reykjahlíð heldur áfram. Við Skútustaði verða heimtaugar lagðar á ásamt viðhaldsverkefnum sem stöðugt eru í gangi. Viðhaldi Hitaveitunnar í Reykjadal og Stórutjörnum verður sinnt eins og venjulega. Þá er gert ráð fyrir viðgerðum á Garðsveitu. Von er á því að svartvatnstankurinn á Hólasandi verði loksins tengdur við rafmagn á árinu.

Sveitarfélagið fékk á dögunum þrjá styrki frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða til hönnunar og uppbyggingar, heildar styrkupphæðir eru 43 milljónir og ber að þakka þessa úthlutun því hún verður til þess að hægt er að hefjast handa við hönnun og framkvæmdir. Nánar er sagt frá þessum verkefnum hér síðast í fréttabréfinu.
Almennt viðhald fasteigna sveitarfélagsins er alltaf stór þáttur í rekstri og starfsemi umhverfis- og framkvæmdasviðs og er árið 2025 engin undantekning þar á.
Í ár er gert ráð fyrir að vinna við aðalskipulag klárist og hægt verði að staðfesta það í sveitarstjórn. Þá má einnig gera ráð fyrir mörgum stórum verkefnum á vegum einkaaðila í sveitarfélaginu.

Með sumarkveðju,
Ingimar Ingimarsson, sviðsstjóri- umhverfis- og framkvæmdasviðs.

BÆJAR- OG SVEITARSTJÓRAR SKRAFA OG SKRALLA

Árlegt bæjar- og sveitarstjóramót var haldið í uppsveitum Árnessýslu nýlega. Að þessi sinni féll það í hlut Bláskógabyggðar, Hrunamannahrepps, Grímsnes- og Grafningshrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps að vera gestgjafar.

Farið var víða um sveitarfélögin þar sem gestir fengu kynningu á fyrirtækum, stofnunum og verkefnum sem eru í gangi í sveitarfélögunum. Meðal annars var farið í nýja slökkvistöð Brunavarna Árnessýslu á Laugarvatni þar sem Pétur Pétursson, slökkviliðsstjóri, tók á móti hópnum og kynnti starfsemi BÁ. Þá var farið í Garðyrkjustöðina Ártanga, Sólheima, Flúðasveppi og Límtré-Vírnet. Hópurinn fór einnig að Seyrustöðum þar sem starfsemi sex sveitarfélaga við hreinsun rotþróa og verkun seyru til áburðar var kynnt. Svona mót eru mikilvægur liður í að kynnast öðrum sveitarfélögum og stjórnendum enda geta verkefni sveitarfélaga verið misjöfn og gott tengslanet mikilvægt.

Hópurinn við Hjálparfoss.

ÞINGEYJARSVEIT Í FARARBRODDI

Þingeyjarsveit er fyrsta sveitarfélagið í Þingeyjarsýslu sem fær formlega heimild til að skila skjölum rafrænt til Héraðsskjalasafns Þingeyinga.

Á dögunum tók Þorbjörg Guðmundsdóttir, skrifstofu- og skjalafulltrúi Þingeyjarsveitar, við leyfinu úr hendi Snorra G. Sigurðssonar, héraðskjalavarðar hjá Héraðsskjalasafni Þingeyinga.

„Þetta er mikilvægt skref í átt að nútímalegri og skilvirkari skjalaumsýslu, sem tryggir örugga varðveislu gagna til framtíðar," segir Þorbjörg.

Reglur um rafræn skil á skjölum eru settar af Þjóðskjalasafni Íslands, og þarf hvert skjalasafn og sveitarfélag að uppfylla ákveðnar kröfur um tæknilega útfærslu, gæði gagna og lýsigagna.

Snorri fagnar því að Þingeyjarsveit hafi náð þessum áfanga:

„Þingeyjarsveit hefur unnið markvisst að því að efla skjalastjórn sína, og þessi heimild er skýr staðfesting á því. Við vonumst til að fleiri sveitarfélög í sýslunni fylgi í kjölfarið."

Þessi viðurkenning er ekki einungis mikilvæg fyrir Þingeyjarsveit, heldur einnig hvatning fyrir önnur sveitarfélög og stofnanir á svæðinu til að stíga inn í stafræna framtíð skjalaumsýslu.

Þorbjörg og Snorri við afhendingu leyfisins.

ÞRJÁR ÚTHLUTANIR ÚR FRAMKVÆMDASJÓÐI FERÐAMANNASTAÐA

30. apríl úthlutaði Hanna Katrín Friðriksson atvinnuvegaráðherra styrkjum úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða 2025.
28 verkefni fengu styrk að þessu sinni. Sveitarfélagið sótti um styrk fyrir fjórum verkefnum og fékk úthlutað til þriggja verkefna að upphæð rúmlega 42 milljónir, sem er mjög gott árangurshlutfall. Aðspurður segist Ingimar Ingimarsson sviðsstjóri umhverfis-og framkvæmdasviðs vera himinlifandi með úthlutunina enda hafi umsóknirnar að þessu sinni verið mjög sterkar.
Eftirtalin verkefni í Þingeyjarsveit fengu styrk:

Aldeyjarfoss og Hrafnabjargafoss

Kr. 13.600.000,- Styrkurinn felst í gerð göngustíga og bílaplans við Aldeyjarfoss.
Markmið verkefnisins eru að bæta aðgengi að Aldeyjarfossi og Hrafnabjargafossi. Verkefnið er hluti af áfangastaðaáætlun Norðurlands og fellur að markmiðum sjóðsins um bætt aðgengi. Einnig fellur verkefnið að áherslum ráðherra á minna sótt svæði.

Göngu- og hjólreiðarstígur umhverfis Mývatn – brúargerð.



Kr. 13.600.000,- styrkur í samræmda hönnun og byggingu þriggja brúa á göngu- og hjólreiðastígnum umhverfis Mývatn.
Markmið verkefnisins er að auka öryggi ferðamanna, vernda náttúru og bjóða upp á möguleika á einstakri upplifun á einum þekktasta ferðamannastað landsins. Síðan árið 2020 hefur verið unnið að lagningu göngu- og hjólreiðstígs umhverfis Mývatn, sem verður um 45 kílómetra langur þegar verkinu lýkur. Stígurinn er mikilvægur hvað náttúrvernd varðar, þar sem hann kemur í veg fyrir myndun hentistíga, niðurtroðning á graslendi og jarðvegsrof. Stígurinn eykur öryggi ferðamanna, þar sem umferð gangandi og hjólandi vegfarenda er illmöguleg á þjóðveginum umhverfis vatnið. Mývatn er hluti af áfangastaðaáætlun Norðurlands. Verkefnið fellur vel að markmiðum sjóðsins um öryggi ferðamanna, náttúruvernd og lengingu ferðamanna tímabilsins.

Þeistarreykir – verndun hverasvæðis og bætt aðgengi.

Kr. 15.000.000,- styrkurinn felst í hönnun á göngustígum í kringum hverasvæðið frá Þeistareykjaskála og kringum helstu hveri þar við. Hafin verður uppbygging á svæðinu sem byrjar á bílaplani og göngustígum kringum hverina.
Markmið verkefnisins er verndun hverasvæðisins við Þeistareyki, öryggi og bætt aðgengi. Verkefnið er hluti af áfangastaðaáætlun Norðurlands og fellur að markmiðum sjóðsins um bætt aðgengi, öryggi og vernd viðkvæmrar náttúru og jarðmyndanna.

VETTVANGSAKADEMÍAN Á HOFSTÖÐUM FORMLEGA STOFNUÐ

Vettvangsakademían að Hofstöðum var formlega stofnuð nýlega og ný heimasíða sett í loftið.
Undirbúningur að stofnun Vettvangsakademíu á Hofstöðum í Mývatnssveit hófst 2024 en þá fengu Háskóli Íslands, Háskólinn á Hólum og Minjastofnun Íslands styrk úr Samstarfssjóði háskólanna til að koma á laggirnar fræðslu- og rannsóknastöð á Hofstöðum sem yrði miðstöð vettvangsrannsókna, vettvangsþjálfunar- og kennslu á sviði íslenskrar fornleifafræði, minjaverndar, og miðstöð hagnýtra rannsókna í þágu menningararfs ferðaþjónustu.
Sveitarstjórn samþykkti á síðasta sveitarstjórnarfundi að Þingeyjarsveit gerist stofnaðili að vettvangsakademíunni.

Elva Björg Einarsdóttir hefur undanfarið ár unnið að stofnun vettvangsakademíunnar.

Vilt þú koma og vinna með okkur?

Þingeyjarsveit

LAUS STÖRF Í ÞINGEYJARSVEIT

Á heimasíðu Þingeyjarsveitar má finna laus störf í sveitarfélaginu.
Opið er fyrir umsóknir í eftirfarandi stöður:

- **Sumarafleysing húsvarðar í Ýdölum og Þingeyjarskóla**
- **Sumarstörf í Íþróttamiðstöðvum Þingeyjarsveitar**
- **Flokksstjóri vinnuskólans**
- **Vinnuskóli Þingeyjarsveitar**
- **Leikskólakennarar í Krílabæ og Barnaborg**
- **Lausar stöður við Reykjahlíðarskóla og YI**

NÁNARI UPPLÝSINGAR HÉR

UNDRAVERÖLD NÁTTÚRUNNAR

Það var mikil gleði á Gíg þegar ný sýning og gestastofa voru formlega opnuð í síðustu viku!

Undirbúningur að hönnun sýningarinnar hefur staðið yfir undanfarin þrjú ár og starfsfólk Náttúruverndarstofnunar og fleiri unnið hörðum höndum að gerð hennar. Sýningin ber nafnið Undraveröld náttúrunnar og viðfangsefni hennar er víðfemt; lífríki, jarðfræði, saga og menning Mývatnssveitar sem og hálendisins norðan Vatnajökuls.
Til að fagna opnun sýningarinnar var efnt til samkomu á Gíg með tilheyrandi hátíðardagskrá, en gestir hlýddu á margvísleg erindi í bland við lifandi tónlist.
Nokkur ávörp voru á dagskrá, að þeim loknum var sýningin opnuð formlega þegar Jón Árni Sigfússon, elsti núlifandi Mývetningurinn, klippti á borðann.

Að hætti Mývetninga var fjöldasöngur í upphafi og lok dagskrár undir tryggri stjórn Þorláks Páls á Skútustöðum. Að dagskrá lokinni var boðið upp á léttar veitingar og gestum boðið að skoða sig um á sýningunni.

Við óskum Náttúruverndarstofnun og íbúum öllum hjartanlega til hamingju með stórglæsilega og skemmtilega sýningu og hvetjum alla til að skoða Undraveröld náttúrunnar.

Texti og myndir fengnar af vef Náttúruverndarstofnunar

SKÓLASTJÓRI REYKJAHLÍÐARSKÓLA

Staða skólastjóra við Reykjahlíðarskóla er laus til umsóknar frá og með 1. ágúst 2025. Leitað er að öflugum og framsýnum leiðtoga sem er tilbúinn til að leiða þróttmikið skólastarf og taka þátt í öflugu skólasamfélagi.

Reykjahlíðarskóli er í Reykjahlíð í Mývatnssveit. Skólinn er samrekinn leik-, grunn- og tónlistarskóli með tæplega 50 nemendur í grunnskóladeild og um 25 nemendur í leikskólanum Yl. Áhersla er lögð á fjölbreytta kennsluhætti innan skólans sem og að skapa leik- og námsumhverfi sem auðgar bernsku barna og örvar þroska þeirra.

Starfssvið skólastjóra:

- Ábyrgð á rekstri skólans og daglegri starfsemi
- Fagleg forysta á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi
- Ábyrgð á samstarfi við heimili og samfélag

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Umsækjandi skal hafa leyfi til að nota starfsheitið kennari og reynslu af kennslu á grunnskólastigi.
- Viðbótarmenntun á sviði stjórnunar er æskileg.
- Reynsla af rekstri, stjórnun og þróunarstarfi er kostur.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Metnaður, skipulagshæfni og leiðtogahæfileikar.

Leitað er að einstaklingi sem hefur skýra sýn í skólamálum, er metnaðarfullur, skapandi og áhugasamur um nærsamfélagið. Skólastjóri skal vera reiðubúinn til að leita nýrra leiða í skólastarfi. Hann starfar í nánu samstarfi við sviðsstjóra og aðra stjórnendur sem heyra undir fjölskyldusvið og tekur þátt í verkefnum sem snúa að þróun í skólamálum í Þingeyjarsveit. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélags Íslands.

Umsóknarfrestur er til 22. maí nk.

Nánari upplýsingar veitir Ásta F. Flosadóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs í síma 512 1803 og á netfangið asta.flosadottir@thingeyjarsveit.is.

Umsóknum sem greina frá menntun og fyrri störfum ásamt kynningarbréfi og afriti af leyfisbréfi skal skila í tölvupósti á netfangið umsokn@thingeyjarsveit.is.

ORKUVEISLA Í MÝVATNSSVEIT

30.-31. MAÍ 2025

30. MAÍ

10:00 - 17:00 - Gestastofa Landsvirkjunar í Kröflu opin gestum og gangandi
16:00 - Skráning f. Hraunhlaupið opnar í Kaffi Borgum
18:00 - Hraunhlaupið í Dimmuborgum
18:30 - 21:00 Hægt að sækja keppnisgögn fyrir maraþon og hjólreiðamót í Jarðböðunum
19:30 - Eftirpartý Hraunhlaupsins og fyrirpartý maraþons og hjólreiðamóts í Jarðböðunum!

31. MAÍ

08:30 - Skráning f. keppnir opna í Jarðböðunum
9:55 - Mývatnshringurinn
Mývatnsmaraþon
10:00 - 42 km
12:00 - 21 km
13:00 - 10 km
14:30 - Verðlaunaafhending Mývatnsmaraþons við Jarðböðin við Mývatn
10:00 - 17:00 - Gestastofa Landsvirkjunar í Kröflu opin gestum og gangandi
17:00 - Eftirpartý í Gamla Bænum Bistro við Berjaya Hótel Mývatn
22:00 - Uppistand með Arnóri Daða á Gamla Bænum

1. JÚNÍ

10:00 - 17:00 - Gestastofa Landsvirkjunar í Kröflu opin gestum og gangandi

WWW.MYVATNMARATHON.COM

Skoðið úrval gistiheimila, tjaldsvæða, veitingastaða & afþreyingarmöguleika inn á www.visitmyvatn.is

Jarðböðin við Mývatn verða opin frá 10:00-23:00

MÝVATN

Landsvirkjun

MYVATN NATURE BATHS

MÝVATN ÖL

HÓTEL LAXÁ

MAÐUR ER MANNS GAMAN

Þann 13. apríl 2025 fór fram ljósmyndasýning í Skjólbrekku.
Sýndar voru ljósmyndir úr ljósmyndasafni séra Arnar Friðrikssonar. Snorri Guðjón Sigurðsson héraðsskjalastjóri tók myndirnar saman og Sigurður Guðni Böðvarsson stjórnaði sýningunni. Um það bil 70 manns mættu á viðburðinn og það sköpuðust líflegar umræður og sögur um myndirnar sem birtust á skjánum. Kvenfélag Mývatnssveitar stóð fyrir sölu á vöfflum og kaffi í hléinu fyrir gesti.

Þetta var fyrsti viðburður af nokkrum í verkefninu „Maður er manns gaman" sem miðast að því að koma fólki saman með viðburðarhaldi í Skjólbrekku og er í stjórn Önnu Dagbjartar Andrésdóttur. Maður er manns gaman er styrkt af Heilsueflandi samfélags verkefni Þingeyjarsveitar.

Til hamingju Anna Dagbjört með áhugaverðan og skemmtilegan viðburð!

Við hvetjum íbúa til að fylgjast með næstu viðburðum í viðburðardagatali Þingeyjarsveitar á heimasíðunni!

Lautavegur 10, Laugum

Til leigu!

Ný glæsileg 90.3 fermetra 3 herbergja íbúð á neðri hæð í fjórbýli. Íbúðin er flísalögð í hólf og gólf. Ljósar innréttingar inní eldhúsi og baði en dekkri skápar í herbergjum og fostofu. Íbúðin er máluð í ljósum og gráum hlýjum lit. Gólfhiti er í íbúðinni og walk in sturta. Steypt bílaplön verða við húsið.

Leigufélagið Bríet

Nánari upplýsingar hér!

MENNINGARVERÐLAUN

ÞINGEYJARSVEITAR

VIÐ ÓSKUM EFTIR TILNEFNINGUM OG ÁBENDINGUM VEGNA MENNINGARVERÐLAUNA ÞINGEYJARSVEITAR 2025

EINSTAKLINGAR, HÓPAR EÐA FÉLAGASAMTÖK GETA HLOTIÐ NAFNBÓTINA. OG TILNEFNINGU SKAL GJARNAN FYLGJA STUTT GREINARGERÐ UM VIÐKOMANDI. ÞAR SKAL FARA YFIR STARF, VIÐBURÐI OG/EÐA ÞÁTT VIÐKOMANDI Í AÐ AUÐGA MENNINGAR- OG FÉLAGSLÍF Í SVEITARFÉLAGINU OG VERA ÖÐRUM FYRIRMYND.

RÉTT TIL AÐ TILNEFNA HAFA ÖLL FÉLÖG OG ÍBÚAR Í ÞINGEYJARSVEIT. VERÐLAUNIN VERÐA AFHENT Á HÁTÍÐARHÖLDUM Í SVEITARFÉLAGINU ÞANN 17. JÚNÍ N.K.

TILNEFNINGUM ÞARF AÐ SKILA TIL ITMNEFND@THINGEYJARSVEIT.IS FYRIR 1. JÚNÍ

HVATNING TIL KATTAEIGENDA

Nú er viðkvæmur tími fyrir fugla þar sem varptími er hafinn. Það er því sérstök ástæða til að hvetja kattaeigendur til að gæta katta sinna meðan á þessum viðkvæma tíma stendur. Þetta má gera með mörgum leiðum s.s. hengja bjöllur á þá, setja kraga, gefa þeim nóg, takmarka útivistartíma við dagsbirtu ofl.

FUNDADAGATAL ÞINGEYJARSVEITAR

MAÍ

6. Íþrótta- og tómstundanefnd
8. Byggðarráð/FRÆV
12. Atvinnu- og nýsköpunarnefnd
14. Skipulagsnefnd
15. Umhverfisnefnd
20. Viðtalstími Stórutjarnaskóli
22. Sveitarstjórn
28. Byggðarráð

Smelltu HÉR til að lesa síðustu fundargerðir.
Allar fundargerðir nefnda má finna á thingeyjarsveit.is

Hlaupastelpan

Ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@itl.is - s: 8955886

Við minnum á að Hlaupastelpan birtist rafrænt á heimasíðu Þingeyjarsveitar og kemur að jafnaði út vikulega.

Í sumar verða skrifstofur Þingeyjarsveitar lokaðar frá 14. júlí til og með 25. júlí.

Eftirtaldir starfsmenn verða með viðveru í Mývatnssveit sem hér segir í maí:

Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir sveitarstjóri
13 og 21. maí. Viðtalstímar á öðrum tímum eftir samkomulagi á rjona@thingeyjarsveit.is

Margrét Hólm Valsdóttir sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs
21. og 28, maí frá 10-15 í Gíg.

Ingimar Ingimarsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs
13., 20., 27. maí frá 10-14 í Gíg.

Rögnvaldur Harðarson byggingarfulltrúi
6. og 20. maí frá 10-14 í Gíg.

Hægt er að bóka viðtalstíma á öðrum dögum eftir samkomulagi. Beiðnir um viðtalstíma sendist á netfangið: thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is eða í síma 512 1800

FYLGDU ÞINGEYJARSVEIT Á INSTAGRAM OG FACEBOOK



Skráðu þig á póstlista sveitarfélagsins á thingeyjarsveit.is og fáðu allar fréttir sendar beint til þín!

Fréttabréf Þingeyjarsveitar 2. árg. 4. tbl.
Ritstj. og ábyrgðamaður: Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir sveitarstjóri
Umsjón: Mývatnsstofa - Úlla Árdal

Þingey, Þingeyjarsveit
Sími: 512 1800
Netfang: thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is